

**Ríkisútvarpið ohf (RÚV) og Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH)**  
gera með sér svofelldan

**S A M N I N G**

**Uppreiknað 1 janúar 2020 m.v. vísitölu des. 2019, 700,7 stig.**

um launataxta og önnur atriði vegna hljóðritana eða beinna útsendinga á tónlist og flutnings tónlistar í útvarpi og sjónvarpi.

**1. gr.**

1. Samningur þessi gildir um kaupsamninga milli RÚV og félagsmanna FÍH sé ekki samið á annan veg um einstök verkefni til hækkunar frá því sem greinir í samningnum, sbr. þó 3. gr.
2. Fyrst og fremst skulu ráðnir fullgildir félagsmenn F.Í.H. Þetta nær þó ekki til lúðrasveita, kirkjuorganista, og hljómsveitarstjóra er stjórna símfóníuhljómsveitum. Hið sama gildir um hljómlistarmenn sem ekki hafa náð 16 ára aldri svo og hljómlistarmenn og hljómsveitir sem eru sannanlega að koma fram opinberlega í fyrsta sinn hjá RÚV.

**2. gr.**

Fyrir hljóðfæraleik í hljóðritun, sem ekki er frá opinberum tónleikum eða öðrum opinberum tónlistarflutningi, skal greiða sem hér segir:

**Útvarpsvinna**

1. flokkur	Einleikur/jafnvægur		Undirleikur 75%	
	undirl.			
Að 10 mín.	59.521		44.647	
.11-20	85.029		63.767	
21-30	110.536		82.899	
31-40	144.550		108.414	
41-60	170.068		125.666	
61-70	195.574			
71-80	221.090			

  

2. flokkur. Kammertónlist/Jazz.	2.fl.A	2.fl.B	2.fl.C	2.fl.D
	3-5 flytj.	6-8 flytj.	9-13 flytj.	14-18 flytj.
	80%	70%	65%	60%
Að 10 mín	47.613	41.658	38.692	35.693
11-20	68.026	59.521	55.268	50.774
21-30	87.123	77.375	71.844	66.316
31-40	115.639	101.174	93.958	86.726
41-60	136.049	119.046	110.536	102.035

Semja skal sérstaklega um greiðslur taki flutningur lengri tíma en 60 mínútur. Séu flytjendur 17 eða fleiri, skal samið sérstaklega um greiðslur til þeirra. Greiða skal hljómsveitarstjóra 100% álag á 2. fl. A.

<b>3. flokkur</b>	<b>Almennur kauptaxti (dægurlög)</b>
Að 5 mín.	24.242
5-10	35.693
11-20	50.774
21-30	66.316
31-40	86.726
41-60	102.035

## **2. liður**

**Sjónvarpsvinna með 20% álagi á útvarpstaxta**

<b>1. flokkur</b>	<b>Einleikur/jafnvægur undirleikur</b>	<b>Undirleikur</b>
Að 10 mín.	71.426	49.681
11-20 mín.	102.035	70.962
21-30	132.641	92.246
31-40	173.457	120.639
41-60	204.084	139.831
61-70	234.693	
71-80	265.305	

## **2. flokkur. Kammertónlist/Jazz**

	<b>2.fl.A</b>	<b>2.fl.B</b>	<b>2.fl.C</b>	<b>2.fl.D</b>
	<b>3-5 flytj.</b>	<b>6-8 flytj.</b>	<b>9-13 flytj.</b>	<b>14-18 flytj.</b>
	<b>80%</b>	<b>70%</b>	<b>65%</b>	<b>60%</b>
Að 10 mín.	57.137	49.990	46.428	42.830
11-20 mín.	81.627	71.426	66.318	60.930
21-30	104.546	92.846	86.212	79.579
31-40	138.765	121.411	112.751	104.073
41-60	163.259	142.851	132.641	122.439

<b>3. flokkur</b>	<b>Almennur kauptaxti (dægurlög)</b>
Að 5 mín	29.090
5-10 mín.	42.830
11-20 mín.	60.930
21-30	79.579
31-40	104.073
41-60	122.439

Greiða skal hljómsveitarstjóra 50% álag. Um útsetningar skal semja sérstaklega.

Heimilt er að skipta hljómsveitarstjóraálagi á milli hljóðfæraleikara ef um það er samkomulag og sér RÚV um útreikninga ef þess er óskað.

3. Einleikur með sínfóníuhljómsveit greiðist með 100% álagi á greiðslur skv. 2.1.
4. Sé tónlistarmaður fenginn til að hljóðrita tímamerki, hlémerki, stöðvarkall, auðkennisstef útvarpsrásar eða leikhljóð og „effekta“ í leikrit eða annan talmálslið greiðast kr. 9.496,- fyrir hverja byrjaða klukkustund sem tónlistarmaður vinnur í hljóðstofu. Greiðsla skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en kr. 28.560,-. Innifalið er leyfi til flutnings hljóðritaðs efnis af þessu tagi án þess að frekari greiðsla komi fyrir.

### **3. gr.**

Fyrir hljóðritanir og eða útsendingar frá opinberum tónleikum, sem haldnir eru af þriðja aðila, skal greiðsla til hljómlistarmanna nema 30% af gildandi töxtum FÍH samkvæmt 2. gr.

Tryggja skal að einstakir flytjendur fái greitt beint vegna útsendinga og mun RÚV láta FÍH vita af fyrirhugaðri upptöku.

Heimilt er RÚV að gera sérstaka heildarsamninga við þriðja aðila enda hafi hann til þess fullt skriflegt umboð flytjenda.

Ef um stórverkefni er að ræða s.s. listahátíðir, tónlistarhátíðir, opinbera viðburði ýmiskonar eða stærri tónleika skulu þeir aðilar semja um greiðsluform við FÍH. Ef þess er óskað má greiða eingreiðslu til FÍH vegna flytjenda fyrir hvern þátt og innan þeirra tímamarka sem um getur í gildandi samningi aðila og mun FÍH sjá um greiðslur til þeirra.

### **4. gr.**

Heimilt er að senda útvarps- og sjónvarpsþætti samtímis um dreifikerfi sem miðla dagskrá RÚV þ.m.t. netið án þess að fyrir það komi sérstakar greiðslur.

### **5. gr.**

1. Greiðslur skv. 2. - 3. gr. veita RÚV heimild til ótakmarkaðra útsendinga í miðlum þess.
2. RÚV er heimilt án sérstaks endurgjalds að senda út tilvitnanir í hljóðrit með tónlistarefni til kynningar á dagskrá eða sem tóndæmi í fræðsluerindi um tónlist, sbr. 14. og 4. gr. Laga 73/1972. Hver einstök tilvitnun má þó aldrei vera lengri en ein mínúta, ef um sönglög er að ræða, annars 3 mínútur. Sé tilvitnun lengri, kemur til greiðsla skv. ákvæðum þessa samnings.

### **6. gr.**

1. Miðlun til erlendra sjónvarpsstöðva.  
Við dagskrámiðlun til erlendra stöðva sem aðild eiga að Evrópusambandi útvarpsstöðva (EBU) skal hlíta ákvörðun gildandi samninga milli EBU og hinna þriggja alþjóðlegu samtaka listamanna FIA, FIM og FIAV varðandi alþjóðlegar sjónvarpsendingar.

2. Norðurlandastöðvar.  
Ef hljóðritanir með íslenskum tónlistarmönnum, sem þetta samkomulag nær til eru framseldar til flutnings í Norðurlandastöðvum skal greiða eftirfarandi hlutfall af upphaflegri greiðslu skv. 2. og 3. gr:

Danmörk 5%

Finnland 4%

Noregur 4%

Svíþjóð 7%

Færeyjar 1%

3. Fyrir dagskrámiðlun til sjónvarpsstöðva utan Norðurlanda gildir eftirfarandi tafla:

**Meðlimir í EBU:**

Andorra	1%
Albanía	1%
Alsír	2%
Armenía	1%
Austurríki	5%
Azerbajjan	1%
Belgía	6%
Bosnía-Hersegovína	3%
Búlgaría	4%
Egyptaland	3%
Eistland	1%
England	40%
Frakkland	30%
Georgía	3%
Grikkland	3%
Holland	7%
Hvíta-Rússland	3%
Írland	2%
Ísrael	2%
Ítalía	28%
Jórdanía	2%
Króatía	3%
Kýpur	1%
Lettland	1%
Litháen	1%
Líbanon	1%
Líbýa	1%
Lúxemborg	4%
Makedonía	3%
Malta	1%
Marokkó	2%
Moldavía	1%
Mónakó	2%
Portúgal	3%
Pólland	10%
Rúmenía	6%
Rússland	20%
San Marínó	1%
Serbía	3%
Slóvakía	3%
Slóvenía	3%
Spánn	11%
Svartfjallaland	3%

Sviss	4%
Tékkland	4%
Túnis	1%
Tyrkland	4%
Ungverjaland	5%
Úkraína	6%
Vatikanið	1%
Þýskaland	40%

4. Fyrir dagskrármíðlun til annarra sjónvarpsstöðva en upp eru taldar undir lið 3 hér að framan skal greiða 12,5% af söluverði, þ.e. þeirri brúttó fjárhæð, sem RÚV fær greidda frá kaupanda fyrir tónlist í viðkomandi dagskrá.  
Hver erlend sjónvarpsstöð hefur aðeins heimild til einnar útsendingar á hverri dagskrá, nema samkomulag verði um annað.  
RÚV ábyrgist greiðslur til listamanna skv. þessum samningi.

#### 7. gr.

Samningar við einstaka tónlistarmenn skulu vera skriflegir ef annar hvor aðila óskar þess. Í skriflegum samningi skal tilgreina upptökudag og upptökutíma og umsamda greiðslu. RÚV setur að öðru leyti nánari reglur um skriflega samninga við tónlistarmenn skv. samningi þessum.

#### 8. gr.

Greiðslur í þessum samningi, ásamt bókunum skulu breytast, til hækkunar eða lækkunar, 1. janúar og 1. júlí ár hvert í hlutfalli við breytingu á launavísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar. Miða skal við launavísitölu í október 2007 sem var 324,6 en breytingin 1. janúar tekur mið af vísitölustiginu í undangengnum októbermánuði og breytingin 1. júlí tekur mið af vísitölustiginu í undangengnum aprílmánuði. Fyrsta breyting á sér stað 1. janúar 2009 og reiknast breytingin frá stiginu 324,6 til þess vísitölustigs sem á launavísitölunni verður í október 2008. Launavísitala des. 2010 383,1 og okt. 2011 415,7. okt. 2012 436,8 – apríl 2013 456,4 – apríl 2014 478,4. – okt.2014 493,8. Júní 2016 581,6. Okt. 2016 588,3 stig. Okt. 2017 630,7 stig. Des.2018 670,7 stig. Des. 2019 700,7 stig.

FÍH skal árlega skila skrá yfir félagsmenn sína með kennitölum og heimilisföngum.

#### 9.gr.

1. Ofan á öll laun skv. samningi þessum greiðist 10,17% orlof, 1% í sjúkrasjóð og 0,25% í orlofsheimilasjóð FÍH.
2. Í Almenna lífeyrissjóðinn greiði RÚV 8% iðgjald af launum á móti 4% iðgjaldi listamanna.
3. RÚV ber að innheimta hjá hverjum þeim, sem tekur laun eftir samningi þessum félagsgjöld til FÍH og standa skil á þeim til félagsins.

#### 10. gr.

1. RÚV skuldbindur sig til að bæta þjófnað og skemmdir, sem verða á hljóðfærum meðlima FÍH í húsakynnum RÚV eða á þess vegum og gildir þetta einnig um tjón sem þriðji aðili veldur.
2. Verði hljómlistarmaður fyrir tjóni á fatnaði, úrum, gleraugum o.s.frv. á vinnustað skal það bætt samkvæmt mati.  
Hljómlistarmanni ber að tilkynna skemmdir um leið og þeirra verður vart.

3. Eigi skal bæta tjón sem sannanlega er hægt að rekja til gáleysis eða hirðuleysi hljómlistarmanns.

## 11. gr.

**Ýmis ákvæði (sem gilda nema um annað hafi verið samið).**

### 1. Tímakaup í hljóðveri, myndveri.

Greiða skal fyrir hverja vinnustund við upptöku í hljóðveri kr. 9.496,- en í myndveri álag eins og það á við hverju sinni. Vinnutími telst frá því hljómlistarmaður kemur til hljóðritunar þar til hljóðritun er lokið. Útkall reiknast a.m.k. 3 klst. Fyrir hvern byrjaðan hálf tíma skal greiða ½ klst.

### 2. Bein útsending.

Ef útvarpað er beint, greiðist 10% álag á hljóðtaxta.

### 3. Myndleikur (Mime)

Myndleikur í sjónvarpi yfir áður gerða hljóðupptöku greiðist með 10% álagi á hljóðtaxta. Í myndleik skal nota sömu hljóðfæraleikara og unnu að upphaflegri hljóðritun nema að þeir hafi gefið samþykki sitt fyrir öðru.

### 4. Sjónvarpsálag

Ef komið er fram í sjónvarpi greiðist 20% álag á hljóðtaxta.

### 5. Ef sjónvarpað er beint greiðist 30% álag á hljóðtaxta.

### 6. Vinna fellur niður. Ábyrgð.

Ef hljómlistarmaður er kvaddur til vinnu sem fellur niður af ástæðum sem RÚV telst ábyrgt fyrir, skal útkall greitt.

### 7. Stórhátíðarálag.

Upptökur á eftirtöldum dögum greiðast með 37,5% álagi: nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, annar dag jóla, hvítasunnudag, gamlárskvöld og 17. júní.

### 8. Vinna utan heimabyggðar.

Ef hljómlistarmaður er boðaður til vinnu utan sinnar heimabyggðar, skal hann fá 50% af tímakaupi skv. lið A, meðan á ferðalagi til og frá vinnu stendur.

### 9. Útborgun launa.

Greiðslu launa skal vinnuveitandi inna af hendi 1/2 mánuði eftir útsendingu, en þó aldrei seinna en einum mánuði eftir upptöku.

### 10. Aukahljóðfæri.

Óski vinnuveitandi að hljómlistarmaður leiki á fleiri en eitt hljóðfæri í sömu upptöku eða útsendingu greiðist 25% álag á laun.

### 11. Taxtaskilgreining.

Samkvæmt hljóðtaxta greiðist hver sú vinna sem framkvæmd er við venjuleg hljóðritunarskilyrði (hljóðvarpsvinna) en skv. myndtaxta sú vinna, sem framkvæmd er um leið og myndataka fer fram, hvort sem hljómlistarmaður kemur fram á skermi eða ekki (sjónvarpsvinna).

### 12. Kostnaður vegna stórra hljóðfæra.

Kostnað við flutning innan Stór-Reykjavíkur á stórum og fyrirferðarmiklum hljóðfærum, eins og kontrabassa, trommusetum o.s.frv., til og frá vinnustað greiðir RÚV skv. reikningi.

### 13. Tónlistarmanna skal ávallt geta í afkynningartexta í allri dagskrá sem þeir koma fram í.

### **12. gr.**

RÚV er heimilt að endurflytja eldra efni, þ.e. upptökur sem til urðu fyrir gerð þessa samnings, í miðlum sínum ásamt netinu. Einnig að flytja brot úr lögum allt að einni mínútu, sem varðveitt eru í upptöku, í samfelldri dagskrá eða öðrum dagskrárliðum, sem ekki falla undir önnur ákvæði samnings þessa, enda séu slík brot eða kaflar ekki birtir á þann hátt, eða í því samhengi, að listamannsheiður viðkomandi sé skertur.

Fyrir réttindi þau sem að ofan greinir ráðstafar RÚV árlega kr. 11.872.605,- til þess að efla dagskrárgerð tónlistarþátta í miðlum þess.

### **13. gr**

Samningur þessi veitir RÚV heimild til þess að endurflytja, nota í þáttagerð og setja hljóðrit sem tekin eru upp í hljóð- og myndverum þess í miðlum á þess vegum þ.m.t. á veraldarvefnum (t.d. Podcasting). Heimild þessi nær þó ekki til útgáfu á geisladiskum og DVD og skal samið um það sérstaklega.

### **14. gr.**

Samningur þessi gildir frá undirritun til 31. desember 2012 og framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp með a.m.k. 3ja mánaða fyrirvara til lausnar um áramót.

Reykjavík, 27. febrúar 2008

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.

f. h. Félags íslenskra hljómlistarmanna  
(með fyrirvara um samþykki félagsfundar)

## **Bókun 1**

### **Fréttatengdir þættir með kynningarígildi (Sjónvarp).**

Í þeim tilvikum sem báðir aðilar (tónlistarmenn og Sjónvarpið) eru sammála um að viðkomandi tónlistarflutningur hafi ígildi fréttar og kynningar, skal greiða eingreiðslu kr. 32.570,- til hvers tónlistarmanns fyrir tónlistarflutning að 10 mínútum. Upphæðin miðast við upptöku í 2 klst. Ef upptökutími verður lengri greiðist hver klst. umfram það skv. 11. gr. Fullt samráð skal vera á milli FÍH og Sjónvarpsins um hvaða þættir falla að þessari grein.

## **Bókun 2**

### **Skemmtiþættir með kynningarígildi (Sjónvarp).**

Í þeim tilvikum sem báðir aðilar (tónlistarmenn og Sjónvarpið) eru sammála um að viðkomandi tónlistarflutningur hafi ígildi kynningar, skal greiða eingreiðslu kr. 53.758,- til hvers tónlistarmanns fyrir tónlistarflutning að 10 mínútum. Upphæðin miðast við upptöku í 4 klst. Ef upptökutími verður lengri greiðist hver klst. umfram það skv. 11. gr. Fullt samráð skal vera milli FÍH og Sjónvarpsins um hvaða þættir falla að þessari grein.

## **Bókun 3**

### **Þættir með kynningarígildi (Útvarp).**

Í þeim tilvikum sem báðir aðilar (tónlistarmenn og Útvarpið) eru sammála um að viðkomandi tónlistarflutningur hafi ígildi fréttar og kynningar, skal greiða eingreiðslu kr. 16.184,- til hvers tónlistarmanns fyrir tónlistarflutning t.d. í Popplandi. Upphæðin miðast við viðveru í 2 klst. Ef upptökutími verður lengri greiðist hver klst. umfram það skv. 11. gr. Fullt samráð skal vera á milli FÍH og Sjónvarpsins um hvaða þættir falla að þessari grein.

## **Bókun 4**

Aðilar eru sammála um að virða réttindi flytjenda í hvívetna. Þeir eru einnig sammála um að samningur sá sem undirritaður er í dag sé gerður með hagsmuni samningsaðila að leiðarljósi. Þá eru aðilar sammála um að auka samstarf tónlistarflytjenda og RÚV með aukinni þáttagerð og kynningum á bestu tónlistarmönnum þjóðarinnar, með það að markmiði að skrá sögu þeirra, og undirstrika mikilvægi þeirra í íslensku menningarlífi.

Með ofangreind markmið að leiðarljósi hefur verið ákveðið að heimila notkun á eldra tónlistarefni í vörslu RÚV. Fjárhæðina skv. 12. gr. ráðstafar RÚV til að auka og efla enn frekar vandaðan tónlistarflutning í dagskrám.

Árlega munu samningsaðilar fara yfir hvornig þessari upphæð hefur verið varið.

Eftir gildistöku samnings RÚV og FÍH eru allar launagreiðslur til tónlistarflytjenda eingreiðsla nema um annað sé samið. Þetta á við um alla almenna notkun tónlistarefnis í miðlum RÚV sbr. 13. gr. Markmið þessa samnings er að auka sveigjanleika og fjölbreytileika á notkun tónlistarefnis í miðlum RÚV um leið og réttindi hljómlistarmanna eru tryggð.

Samningsaðilar munu kynna samninginn hjá hvorum aðila fyrir sig þannig að efnisinnihald hans sé öllum ljóst sem vinna að dagskrá hjá RÚV.

Reykjavík, 27. febrúar 2008

F.h. Ríkisútvarpsins ohf.

f. h. Félags íslenskra hljómlistarmanna  
(með fyrirvara um samþykki félagsfundar)